

SAMPYKKT**um hundahald á Grenivík.****1. gr.**

Hundahald er bannað á Grenivík í Grýtubakkahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum á Grenivík undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta ól, sem jafnan skal vera um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í verslanir né aðra opinbera staði.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda) svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- f) Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins skal þá leysa hann út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt hvænær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grýtubakkahrepps staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Fjóla Haraldsdóttir.